



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið, byggingarfulltrúi

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 25. október 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Hvað er átt við með byggingarhæfar lóðir. Þýðir það að þær séu tilbúna til að byrja að byggja á. Fulltrúi Flokks fólksins hefur iðulega fengið þau svör að nóg sé til að byggingarhæfum lóðum í Reykjavík og er bent á vefsíða borgarinnar. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að þarna á meðal eru tugir lóða sem eru ekki "tilbúna" að byggja á. Á sumum er ennþá rekstur í fullum gangi. T.d. 5 lóðir á Heklureit eru sagðar byggingarhæfar en þar er bílasala í fullum rekstri. Hvernig getur sá reitur þá talist byggingarhæfar lóðir? Aðrar lóðir sem sagðar eru byggingarhæfar er ekki hægt að framkvæma neitt á því þær eru einfaldlega ekki tilbúna. Þá eru heilu svæðin og reitirnir sem hanga saman við framkvæmdir stærri verkefna. Keldnaholtið bíður eftir samgöngum, borgarlínu til að hægt sé að byggja en af hverju er ekki að setja þangað strætósamgöngur svo hægt sé að flýta byggingu á Keldnaholti. Byggja þarf mikið af hagkvæmu húsnæði sem fyrst því ástandið á húsnæðismarkaði er grafalvarlegt.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúa þann 15. nóvember 2023.

Svar:

Byggingarhæf lóð skv. skilgreiningu telst þegar götur hafa verið lagðar bundnu slitlagi og séð hefur verið fyrir rafmagni, vatni og fráveitutengingu eftir því sem við á við lóðarmörk.

Heimild til framkvæmda fæst að skilyrðum uppfylltum með útgefnu byggingarleyfi fyrir nýbyggingar á lóð samkvæmt samþykkttri byggingarleyfisumsókn og niðurrifi mannvirkja ef fyrir eru.

Virðingarfyllst,
Brynjar Þór Jónasson
Umhverfis- og skipulagssvið
Byggingarfulltrúi